

SKIPULAGSBREYTINGAR

Breyting á deiliskipulaginu Selhraun norður, Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 3.4.2019 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Selhrauns norðurs með vísan í l. mgr 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

Breytingin felst í: endurskoðun skilmála skipulagsins hvað varðar nýtingarhlutfall einstakra lóða, hámarks byggingarmagn, skiptingu einstakra lóða ásamt því að lóðarstærðir og byggingarreitir eru uppfærðir til samræmis við fasteignaskráningu. Gatnakerfi er endurbætt m.t.t. aðgengi stærri bíla inn á svæðið. Jafnframt er skipulagið uppfært í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Breyting á deiliskipulagsmörkum deiliskipulagsins Íbúðarhverfi í Norðurbæ og breyting á lóð við Hrauntungu 5, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 3.4.2019 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi er nær til Hrauntungu 5 og að tillagan skuli auglýst í samræmi við í l. mgr 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

Breytingin felst í að: Mörk deiliskipulagsins Íbúðarhverfi í Norðurbæ eru færð til suðurs og Hrauntunga verði þar með hluti af skipulaginu. Breytingartillögur eru gerðar á lóðinni við Hrauntungu 5. Þar verður heimilt að byggja þrjú tveggja hæða hús á lóðinni. Sérskilmálar gilda fyrir Hrauntungu 5 að öðru leyti gilda gilda áður samþykktir skilmálar fyrir skipulagið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 11.4. – 23.5.2019. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna ásamt skilmálum á vefa Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjorur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 23. maí 2019.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPÍÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjorur.is

